

Skýrsla Polar Cup nefndar KKI
um IV. Polar Cup mótið, haldið
í Reykjavík á páskum 1968.

Aðdragandi:

Polar Cup keppnin, sem er Meistaramót Norðurlanda í körfuknattleik, er haldin annað hvort ár. Keppnin varð til fyrir frumkvæði sænska Körfuknattleikssambandsins, sem sá um umsjón fyrsta Polar Cup í Stokkhólmi árið 1962. Akveðið var í upphafi, að keppnin færi fram í öllum þáttökulöndunum til skiptis, og hafði mótið verið haldið í Finnlandi 1964 og í Danmörku 1966, er röðin kom að Íslandi að sjá um mótið 1968.

Noregur var fyrst með í Polar Cup í Danmörku 1966, en hin Norðurlöndin fjögur hafa verið með frá upphafi.

Stjórn KKI var ljóst að umsjón Polar Cup á Íslandi var mikið og erfitt verkefni, sem vel þyrfti að undirbúa. Aldrei fyrr hafði Norðurlandameistaramót karla í nokkurri íþróttagrein farið fram á Íslandi. Því var um brautryðjandastarf að ræða að ýmsu leiti. Norðurlöndin þrjú, sem þegar höfðu haft umsjón mótsins, höfðu öll gert það af mikilli þrýði.

Fjárskortur og reynsluleysi voru erfiðustu hjallarnir, sem klífa þyrfti, til þess að mótið mætti fara fram með nokkrum sóma hér á landi.

Snemma árs 1967 skipaði stjórn KKI þriggja manna undirbúningsnefnd, er hafa skyldi umsjón með undirbúningi og framkvæmd Polar Cup 1968. Í nefndina voru skipaðir Einar Matthíasson, Helgi Sigurðsson og Magnús Björnsson, formaður.

Veturinn 1967 bauð stjórn KKI landslið Dana til Íslands. Var það álit stjórnarinnar, að landsleikur við Dani hlyti að gefa nokkuð í aðra hönd, og þannig afla fjár til fyrsta undirbúnings Polar Cup. Einnig gæfist hinni nýskipuðu nefnd tækifæri til þess að æfa sig við móttöku Dana, og var henni falið að sjá um veg og vanda dönsku heimsóknarinnar. En vonir manna um ágóða af landsleiknum brugðust alveg. Tapið nam tugum þúsunda, og við þennan skuldabagga hafði KKI ekki losað sig, þegar að Polar Cup kom, en nefndin var reynslunni ríkari.

Undirbúningur:

Í byrjun janúar 1968 var félögum þeim, sem körfuknattleik stunda á Reykjavík-ursvæðinu skrifað bréf, og boðað til fundar með fulltrúum félaganna 15. jan. Á fundi þessum var skýrt frá ráðagerðum Polar Cup nefndar um undirbúning og framkvæmd mótsins og leitað fulltingis félaganna um aðstoð við skipun manna í ýmsar nefndir.

Mikill áhugi var strax ríkjandi meðal körfuknattleiksmanna á því að gera mótið sem bezt úr garði, og voru menn fúsir til starfa. Settar voru á laggirnar eftirtaldar nefndir:

Áróðurs- og auglýsinganefnd:	form. Helgi Sigurðsson
Móttökunefnd:	- Gunnar Petersen
Áhaldanefnd:	- Jón Otti Ólafsson
Tölfræðinefnd:	- Rafn Haraldsson
Ritara og tímavarðanefnd:	- Jón Eysteinnsson
Leikskrárnefnd:	- Gunnar Gunnarsson

Nefndir þessar störfuðu mikið sjálfstætt, undir yfirumsjón aðalnefndar. Formenn nefnda völdu sér samstarfsfólk eftir þörfum, og var enginn skortur á liðsmönnum. Ýmiss undirbúningur var nýjung hérlendis, sérstaklega á tæknilega sviðinu. Tölfræðinefnd þyrfti að vinna sitt verk frá grunni og naut hún góðrar aðstoðar Einars Matthíassonar, sem kynnst hafði tölfræðivísindum körfuknattleiksins á fyrri Polar Cup mótum.

Segja má að þurft hafi að finna upp 30 sek. klukku, sem engin var til fyrir, og láta smíða hana. Var það býzna mikið verk og dýrt.

En það verkið, sem einna þyngst hvíldi á Polar Cup nefndinni, var sá stóri vandi að vekja áhuga almennings fyrir mótinu með skipulögðum áróðri og auglýsingum. Það var ekki áremnilegt að leggja út í fjárfreka áróðursherferð með skuldabaggann frá heimsókn Dana á herðum. Engu að síður voru nefndarmenn bjartsýnir, og hinn almenni áhugi körfuknattleiksmanna var þeim hvatning til þess að takast á við vandann.

Torfa Jónssyni, auglýsingateiknara var falið að gera teikningu að merki Polar Cup. Tókst það einstaklega vel, og voru allir sammála um að merki þetta bæri af öðrum merkjum, sem gerð hafa verið vegna Polar Cup. Merkið var notað á brjóstnælu, oddfána, verðlaunapeninga og veggspjald. Spjaldið teiknaði Torfi og síðan var það prentað í litum í Kassagerðinni. Auglýsingaspjaldi þessu var dreyft um allan bæinn og um nágrennið og vakti mikla athygli. Erlendu þátttakendurnir voru mjög hrifnir af því, og óskuðu eftir að eignast slík spjöld til minja. Brjóstnælur og verðlaunapeninga gerði Magnús Baldvinsson, eftir teikningu Torfa, og voru þeir hlutir fallega og smekklega gerðir.

Brjóstnælurnar (eða prjónarnir) og oddfánarnir voru hafðir til sölu á mótinu, og seldust upp, að kalla má.

Polar Cup merkið var einnig þrykkt í léreft, og báru starfsmenn mótsins slík auðkenni, auk þess sem starfsmenn og keppendur báru silfurlitaðan prjón í barmi, en merki þau, sem til sölu voru, voru koparlituð.

Verzlanirnar Herrahúsið í Aðalstræti 4 og Sport við Laugaveg, sýndu körfuknattleiknum þá velvild, að skreyta glugga sína með körfuknattleiksvörum fyrir mótið og meðan á því stóð. Einnig var sýningargluggi Morgunblaðsins fenginn á leigu til sýningar á verðlaunagripum og merkjum mótsins.

Góð samvinna var við blöð, útvarp og sjónvarp um kynningu á mótinu fyrir almenning. Nefndin hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa dýrar auglýsingar, nema af skornum skammti, og kom því aðstoð íþróttafréttamanna að góðu liði. Vill nefndin færa þeim þakkir fyrir.

Bæði var útvarpað og sjónvarpað frá mótinu, eftir því sem við var komið vegna dagskrár, og mun það í fyrsta sinni, sem útvarpað er frá körfuknattleik.

Með góðri aðstoð Stefáns Kristjánssonar, íþróttafulltrúa Reykjavíkur, fékkst húsnæði fyrir erlendu gestina í Gagnfræðaskóla Verknáms, skammt frá Íþróttahöllinni í Laugardal. Naut nefndin sérstakrar fyrirgreiðslu skólastjórans, Magnúsar Jónssonar. Rúmstæði, dýnur og teppi fengust að láni frá ýmsum aðilum, rúmfatnaður frá Ferðaskrifstofu ríkisins. Kostnaður vegna þessa var lítill, aðeins vegna flutnings og hreinsunar, og eiga þeir aðilar, sem þarna áttu hlut að máli, þakkir skilið fyrir góðan greiða.

Samið var við Múlakaffi um fæði fyrir þátttakendur, og var maturinn góður og vel úti látinn.

Fararstjórar bjuggu að City Hótel, en snæddu að Múlakaffi.

Landslið KÍ valið:

Landsliðsnefnd KÍ, skipuð þeim Jóni Eysteinsyni og Þráni Sigurjónssyni, valdi landslið Íslands, og skipuðu það eftirtaldir menn:

Birgir Örn Birgis	A.
Einar Bollason	Þór
Agnar Friðriksson	ÍR
Guttormur Ólafsson	KR
Birgir Jakobsson	ÍR
Gunnar Gunnarsson	KR
Kolbeinn Pálsson	KR
Kristinn Stefánsson	KR
Þorsteinn Hallgrímsson	ÍR
Þórir Magnússon	KFR
Sigurður Ingólfsson	A
Jón Sigurðsson	A

Varamenn:

Anton Bjarnason	ÍR
Brynjólfur Markússon	KR
Hjörtur Hansson	KR

Landsliðið æfði mjög vel fyrir mótið undir góðri stjórn Guðmundar Þorsteins-sonar, landsliðsþjálfara.

Tveir íslenzkir dómara dæmdu á mótinu, Ingi Gunnarsson og Marinó Sveinsson.

Magnús Sigurðsson, stjórnarmaður KKI, tók að sér að vera læknir mótsins.

Ekki verður hér fjölyrt um alla þá, sem veittu fjárhagslegan stuðning til mótsins, en leitað var til nokkurra opinberra aðila, sem tóku málaleitunum KKI vel, og kann nefndin þeim beztu þakkir fyrir veittan stuðning.

Framkvæmd mótsins:

Polar Cup hófst laugardaginn fyrir páska, 13. apríl. Undirbúningsnefndinni leizt ekki á blikuna, þegar Norðmenn og Svíar voru ókomnir til landsins, er laugar- dagurinn rann upp. Höfðu þeir orðið veðurtepptir í Bergen á leiguvél. Loks fréttist þó, að vélin væri á leiðinni, og lenti hún í Reykjavík um það bil klst. áður en mótið skyldi setja. En allt fór vel, og kl 14:00 gengu liðin undir fánunum inn á leik- vanginn í Laugardal.

Menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, sýndi KKI þann heiður að setja Polar Cup með ræðu, og bauð hann þátttakendur velkomna til leiks.

Lúðrasveitin Svanur lék þjóðsöngva Norðurlanda.

Úrslit leikja urðu sem hér segir:

Laugardaginn 13. apríl:

Kl. 14:20	Danmörk - Noregur	100:29	(44:9)
- 16:00	Ísland - Svíþjóð	52:80	(22:39)
- 20:00	Danmörk - Finnland	70:117	(32:59)
- 21:30	Noregur - Svíþjóð	48:144	(18:62)

Sunnudaginn 14. apríl:

kl. 20:00	Ísland - Danmörk	71:51	(31:23)
- 21:30	Finnland - Noregur	131:56	(71:22)

Mánudaginn 15. apríl:

kl. 9:30	Ísland - Finnland	70:85	(27:43)
- 11:00	Danmörk - Svíþjóð	46:88	(23:38)
- 14:30	Ísland - Noregur	123:59	(59:24)
- 16:00	Svíþjóð - Finnland	63:68	(31:28)

Leikjum mótsins var lýst gegnum hátalarakerfi hússins, og voru þeir þulir, Bogi Þorsteinsson og Þráinn Sigurjónsson. Er enginn vafi á því, að áhorfendur mátu það mikils að heyra leikjunum lýst, því meðal þeirra munu ýmsir hafa verið, sem horfðu á körfuknattleik í fyrsta sinni, og kunna því lítil skil á gangi leiksins.

Frankvæmd leikja tókst vel og fór fram samkvæmt áætlun. Starfsmenn stóðu mjög vel í stöðu sinni, þótt sum verkefni væri frumraun. Eiga þeir lof skilið fyrir frammi-stöðuna.

Um leikina:

Finnar hafa jafnan sigrað í Polar Cup, og borið höfuð og herðar yfir lið hinna Norðurlandþjóðanna. Í þetta sinn senda þeir Finnlandsmeistarana, Tapion Honka sem landslið, en liðið á að skipa allflestum beztu mönnum Finna. Samt urðu þeir að halda á öllu sínu gegn Svíum, sem höfðu gert sér vonir um að sigra Finna. En leikur Finna var að flestu leiti miklu betri en Svía, þótt stigamunur yrði ekki mikill í leik þeirra. Bezti maður Finna, Pilkevaara, sýndi snilli sína, en hann mun vera einn bezti körfuknattleiksmaður Evrópu.

Íslenska liðinu tókst ekii vel upp í leiknum við Svía. Þetta var fyrsti leikur liðsins í mótinu, og höfðu menn jafnvel gert sér vonir um íslenzkan sigur, en sú von brást alveg. Liðsmenn virtust ekki finna sig í leiknum, og léku undir þeim styrkleika, sem þeir sýndu síðar í mótinu. Leikurinn við Finna var bezti leikur Íslendinga, og unnu þeir síðari hálfleik með einu stigi, en höfðu haft 16 stig undir í hálfleik. Sigurinn yfir Dönum var stærri en nokkru sinni fyrr, en íslenska liðið vann það danska með aðeins einu stigi árin 1964 og 1966.

Norðmenn voru greinilega viðvaningar móts við hin liðin, en þeir léku af lífi og sál og gáfu ekki sinn hlut þótt í móti blési. Unnu þeir hylli áhorfenda.

Finnar unnu alla sína leiki og hlutu 8 stig, Svíar hlutu 6 stig, Íslendingar 4 stig, Danir 2 stig en Norðmenn ekkert.

Kveðjuhóf:

Verðlaunaafhending fór fram í hófi, sem KKI hélt fyrir þátttakendur og starfsfólk að Hótel Sögu um kvöldið annan í páskaum. Forseti ISI þáði boð KKI að sitja hófið. Margar ræður voru haldnar, og þökkuðu erlendu fararstjórnarnir ánægjulega heimsókn. Veitt voru sérstök verðlaun þeim leikmönnum, sem fram úr sköruðu, og bezta alhliða leikmanninum, Jorma Pilkevaara fra Finnlandi, var afhentur borðfáni Polar Cup. Bogi Þorsteinsson, formaður KKI, afhenti verðlaunin.

Hófið fór hið bezta fram, og skemmtu menn sér við dans og glaum fram á nótt.

Liðin héldu heim daginn eftir, nema Danir. Þáðu þeir boð Þórs á Akureyri að heimsækja félagið og keppa einn leik á Akureyri.

IV. þing Körfuknattleikssambanda Norðurlanda:

Í sambandi við Polar Cup er haldið þing norrænu sambandana. Eru þar rædd sam-eiginleg áhugamál körfuknattleiksmanna, og teknar ákvarðanir um samskipti milli þjóðanna. Ákveðið var á þinginu í Reykjavík að byggja boð Norðmanna, að þeir sjái um V. Polar Cup í Oslo 1970. Rætt var um að koma á fót Unglingameistaramóti Norðurlanda, og buðust Svíar til þess að sjá um fyrsta mótið. Mun síðar tekin ákvörðun um hvenær

mótið verður haldið.

Danir buðust til að halda þjálfaranámskeið árið 1969 með þátttöku allra Norðurlandþjóðanna. Munu þeir tilkynna nánar síðar um tilhögun.

Ýmiss fleiri mál voru rædd, og er þeirra getið í þinggerð.

Lokaorð:


Þrátt fyrir fjárhagsörðugleika og ýmsar erfiðar aðstæður, tókst framkvæmd Polar Cup eins vel og undirbúningsnefndin hafði þorað að vona. Að vísu hefðu nefndarmenn kosið að áhorfendur hefðu orðið fleiri. Þeir munu hafa verið um 2000 talsins. Mótið stóð undir sér fjárhagslega, þótt ágóði væri sáralítill, eins og fram kemur í ársreikningum sambandsins.

En við væntum þess að hagnaðurinn af mótinu komi fram á öðrum sviðum, í aukinni kynningu almennings á íþróttinni, í auknum samstarfsvilja körfuknattleiksmanna, og í vitundinni um það, að hægt er að koma miklu í framkvæmd, ef vilji og áhugi er ríkjandi.

Undirbúningsnefndin vill gera það að sínum lokaorðum að þakka öllum þeim, sem hönd lögðu á plóginn. Það voru margar hendur sem stuðluðu að því að svo vel tókst til, sem raun bar vitni, bæði þeirra, sem leitað var til og auk þess margra sjálfboðaliða.

Loks vill nefndin fara stjórnnum ISI, IBR og KKRR þakkir fyrir mikla og góða fyrirgreiðslu.

f.h. Polar Cup nefndar KKI,


Magnús Björnsson